

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

179. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **27. maí 2010 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi frá Sveitarstjóra.
2. Skipulagsmál.

Tekið á dagskrá:

3. Erindi Tryggva Ólafssonar.
4. Erindi Guðmundar Jóhannessonar.
5. Erindi Björns L Traustasonar

Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri f.h. byggðaráðs

Náma í Húsaborg við Víðigerði.

Umsögn Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra.

Umsögnin er í samræmi við 6. gr. laga 106/2000 og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og umhverfisráð Húnaþings vestra hefur farið yfir gögn framkvæmdaraðila og telur að framlögð gögn fullnægi kröfum sem settar eru fram í 10 gr. í reglugerð 1123/2005. Ráðið telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og umhverfisráð vill engu að síður benda á að framkvæmdin kallar á breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra, þar sem náman er ekki skilgreind í gildandi Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 og því þarf að gera grein fyrir umræddri landnotkun á aðalskipulagi. Breyta þarf aðalskipulagi áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Umrædd landnotkun fellur að meginmarkmiðum aðalskipulags um efnistökusvæði og telur ráðið að í framlögðum gögnum sé á greinargóðan hátt gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Ráðið leggur ennfremur áherslu á að leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar, þar sem námuvegur fer yfir votlendi sem nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og að hafa þarf samráð við Minjavörð Norðurlands vestra ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu.

Skipulags- og umhverfisráð Húnaþings vestra telur fyrir sitt leyti að framkvæmdin sé ekki matsskyld samkvæmt 6 gr. laga, 2. viðauka, um mat á umhverfisáhrifum og lýsir sig fylgjandi áformum Vegagerðarinnar um efnistöku í námu í Húsaborg við Víðigerði.

2. A) Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014- Miðfjarðavegur. Breytingin felur í sér tilfærslu á Miðfjarðarvegi með það að markmiði að auka umferðaröryggi. Annars vegar er um að ræða nýja vegtengingu við Hringveg norðan Melstaðar og hins

vegar er vinkilbeygja vestan við Staðarbakka aflögð. Athugasemdafrestur rann út þann 26. maí sl. og engar athugasemdir bárust. Ráðið vísar tillögunni til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

B) Rætt um áframhaldandi vinnu við deiliskipulagsgerð á Hvammstanga. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að á árinu 2010 verði hafin vinna við að deiliskipuleggja svæði milli Ytri-Hvammsár og Syðri-Hvammsár, austan Norðurbrautar og Hvammstangabrautar að mörkum deiliskipulags útivistarsvæðis í Kirkjuhvammi.

Tekið á dagskrá:

3. Tryggvi Ólafsson kt. 050541-4799 sækir um byggingarleyfi fyrir 7,4m² gróðurhúsi á lóð sinni að Hjallavegi 8 Hvammstanga skv. m.f. gögnum. Ráðið samþykkir að grenndarkynna skuli framkvæmdina fyrir eigendum eftirtalinnna fasteigna; Melavegur 5, 7, 9 og Hjallavegur 6. Erindið samþykkt með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar. Samþykkt með 4 atkvæðum.
4. Guðmundur Jóhannesson kt. 130454-5779 sækir um stöðuleyfi fyrir 20 feta gámi austan við Búland 1, við norðurenda hússins. Ráðið samþykkir stöðuleyfið til eins árs samkvæmt grein 71.2 í Byggingarreglugerð nr. 441/1998.
5. Björn L. Traustason kt. 240562-3249 sækir um byggingarleyfi fyrir 7,4m² gróðurhúsi á lóð sinni að Hlíðarvegi 13 Hvammstanga skv. m.f. gögnum. Ráðið samþykkir að grenndarkynna skuli framkvæmdina fyrir eigendum eftirtalina fasteigna; Hlíðarvegur 11, 15 og Melavegur 6 og 8. Erindið samþykkt með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar. Samþykkt með 4 atkvæðum.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar starfsfólki tæknideildar Húnaþings vestra fyrir ánægjulegt samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 18:45.

Guðmundur St. Sigurðsson(sign).

Örn Óli Andrésson(sign).

Erla Björg Kristinsdóttir(sign).

Víglundur Gunnþórsson(sign).

Halldór Sigfússon(sign.).

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).

Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).

Pétur Arnarson slökkviliðsstjóri(sign).